



Áveitan

3. tbl. 14. árgangur. Mars 2020

Skemmtiferð Umf. Þjótanda 2020

Laugardaginn 14. mars n.k. stendur Ungmennafélagið Þjótandi fyrir skemmtiferð til Reykjavíkur. Lagt verður af stað með rútu frá N1 á Selfossi kl 12 og farið í Keiluhöllina í Egilshöll. Þar verður spiluð keila í 50 mínútur, og eftir það verður pizzahlaðborð á veitingastaðnum Shake and pizza sem staðsett er á sama stað. Áætluð heimkoma verður kl. 17.

Kostnaður er ekki kominn á hreint, en verður auglýstur á facebook síðu félagsins þegar nær dregur. Allir eru velkomnir með í ferðina, en börn í 5. bekk og yngri verða að vera í fylgd með foreldri eða einstaklingi sem er amk. 15 ára.

Pantanir í ferðina berist til Stefáns Narfa í síma 894-7911, einnig verður hægt að skrá sig á facebooksíðu félagsins. Skráningu líkur 11. mars.

Sjáumst sem flest,
Stjórn Umf. Þjótanda



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanne Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	bryndisdalbae@gmail.com	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Sólin hækkar á lofti og vorverk að komast á verkefnalista flestra. Íbúar í Flóahreppi voru 667, talsins 1. desember 2018 en voru 689 þann 1. desember 2019. Íbúum hefur því fjölgað frá um 22 sem er nokkuð meira en undanfarin ár. Í aðalskipulagi Flóahrepps fyrir árin 2017–2029 gerði háspá fyrir tímabilið ráð fyrir að við lok ársins 2029 yrðu íbúar orðnir 705. Ef fjölgun síðastliðins árs er viðvarandi þá má reikna með að þeirri tölu verði náð og gott betur innan tveggja ára. Gaman er að segja frá því að nú eru á byggingarstigi 7 íbúðarhús sem eru komin í notkun en ekki búin að fá fullnaðarúttekt. Auk þess eru 11 hús á byggingarstigi sem ekki hefur verið flutt í ennþá. Á árunum 2018–2020 fengu 8 íbúðarhús fullnaðarúttekt. Frá upphafi árs 2018 er íbúðarhúsum í sveitarfélaginu því að fjölga um samtals 29. Úr Krakkaborg útskrifast 13 börn í lok skólaárs og 7 nemendur útskrifast úr Flóaskóla.

Heilsuefling:

Við minnum íbúa Flóahrepps á sundlaugarnar á Stokkseyri og Selfossi. Flóahreppur hefur gert samning við sveitarfélagið Árborg um endurgjaldslaus afnot af sundlaugunum fyrir íbúa Flóahrepps að 18 ára aldri og 67 ára og eldri.

Hvatastyrkir

Minnt er á að umsóknir um „hvatastyrki“ til íþrótt- og tómstundaiðkunar þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps fyrir 1. apríl 2020. Sjá reglur á heimasíðu Flóahrepps. Nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfanginu gudrun@floahreppur.is. Sjá nánar um hvatastyrkina á heimasíðu Flóahrepps:

<https://www.floahreppur.is/umsokn-hvatagreidslur/>

Menningarstyrkur Flóahrepps 2019

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2020 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi:

Styrkuppghæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi.

Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.

Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.

Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.

Að umsókn fylgi ósk um styrkuppghæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs.

Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl ár hvert og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirbyggjandi umsóknum að fengnu áliti menningarnefndar Flóahrepps. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum. Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri. Umsóknir ásamt fylgigögnum, berist Flóahreppi, Þingborg, 801 Selfoss eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt „menningarstyrkur“.

*Með góðri kveðju, Eydís Þ. Indriðadóttir,
sveitarstjóri Flóahrepps*

Sumarstarf og útivera í Flóahreppi Flokkstjórar í vinnuskóla Flóahrepps

Ertu að leita að skemmtilegu starfi í sumar?

Flóahreppur óskar eftir að ráða flokkstjóra í vinnuskóla Flóahrepps. Leitað er að öflugum einstaklingum sem eiga auðvelt með samskipti og hafa gaman af því að starfa með unglingum og ungmennum. Flokkstjórar undirbúa verkefni vinnuskólans ásamt umsjónarmanni fasteigna og þeir starfa einnig með húsvörðum í fasteignum sveitarfélagsins.

Umsóknir um starfið ásamt sakavottorði berist skrifstofu Flóahrepps fyrir 2. apríl á netfangið floahreppur@floahreppur.is

Nánari upplýsingar í síma 480 4370.

Uppskriftarhornið

Kjúklingaréttur með pestó og piparosti

Ca 800 gr kjúklingabringur eða úrbeinuð kjúklingalæri

4 stk hvítlauksrif

½ lítri matreiðslurjómi

1 stk piparostur

1 lítil krukka rautt pestó

2 msk soyasósa

Léttsteikið hvítlaukinn á pönnu. Bætið út í matreiðslurjóma, piparosti, pestói og soyasósu, bræðið ostinn og smakkið sósuna til.

Brúnið kjúklingakjötið á annarri pönnu, kryddið létt með salti og pipar. Setjið í eldfast mót.

Hellið sósunni yfir kjúklinginn og látið í 175 °C heitan ofn í um hálf tíma eða þar til kjúklingurinn er fullleddaður.

Borið fram með fersku salati, hrísgrjónum eða perlubyggi.

Skápatiltektar-skyrterta

Þó svo að nafnið á tertunni sé ekki það girnilegasta þá er þessi skyrterta algjör snilld og mjög fljótlegt að henda í hana ef skyndilega er þörf fyrir tertu með kaffinu eða eftirrétt.

500 gr rjómi – þeyttur

500 gr vanilluskýr

2 tsk vanilludropar

Ca 200 gr saxað súkkulaði (hér er hægt að nota það súkkulaði sem er til og hentar hverju sinni. Ég nota oft Daim súkkulaði, mars, þrist eða hreint mjólkursúkkulaði).

Ferskir ávextir (það sama á við hér, um að gera að nota það sem maður á og finnst gott. Ég nota yfirleitt vínber, jarðarber, kiwi og bláber).

Rjóminn er þeyttur og skyrinu blandað vandlega saman við ásamt vanilludropunum. Saxað súkkulaðið sett í botn á fati, skyrblöndunni bætt ofan á og að síðustu skreytt með ferskum ávöxtum.

Að lokum skora ég á hana Elínu Bjarnveigu Sveinsdóttur frænku mína í Egilsstaðakoti að koma með uppskrift af einhverju ljúfmeti í næstu Áveitu.

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir
Lyngholti

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsvæði sunnudaginn 15. mars kl. 13.30.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur, starfsmenn fundar kosnir
2. Fundargerð síðasta fundar lesin
3. Starfsskýrsla formanns
4. Reikningar lagðir fram
5. Félagatal
Kaffihlé
6. Kosningar
7. Tillaga um árgjald
8. Fjör í Flóa, umræður
9. Önnur mál

Kaffikonur: Mia Egilsstaðatjörn, Petra Klettholti, Sólveig Skúfslæk 2 og Ósk Ástúni

Nýjar konur velkomnar á fundinn til kynningar og/eða inngöngu í félagið.

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Kökuskreytinganámskeið!

Mánudaginn 16. mars milli 19 og 22 ætla Oddný Ása Ingjaldsdóttir að leiðbeina okkur í að skreyta með kremi og nota stúta og setja saman undurfallegar tertur.

Við verðum í skólaeldhúsinu í Flóaskóla og hver kemur með disk til að taka sína köku heim á.

Þátttökugjald er 3000 krónur og innifalið í því eru botnar, krem og áhöld en velkomnið er að koma með stútasettið sitt að æfa með ef vill.

Skráning opin til 12.3. hjá Miu í síma 869-4003 eða á FB-síðu kvenfélagsins.

Frá Villingaholtskirkju

Messa verður í Villingaholtskirkju sunnudaginn 8. mars kl. 13.30.

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna þennan dag mun kirkjukórinn eingöngu syngja sálma/lög þar sem texti og/eða lag eru eftir konur. Organisti er Guðmundur Eiríksson og prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir.

Aðalsafnaðarfundur verður haldinn 8. mars, strax að lokinni messu.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar lesin
3. Skýrsla formanns sóknarnefndar vegna 2019
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Kosinn skoðunarmaður og varaskoðunarmaður reikninga
6. Kirkja, viðhald, umræður
7. Önnur mál

Hvetjum sem flesta til að mæta og ræða um mál kirkjunnar sem er kirkjan okkar allra.

Sóknarnefnd Villingaholtskirkju.

Meðhjálpari óskast

Sóknarnefnd Villingaholtskirkju auglýsir hér með eftir aðila til að verða meðhjálpari. Meðhjálpari er til aðstoðar við allar kirkjulegar athafnir, og eru þær helstu messur og jarðarfari. Messur eru að jafnaði annan hvern mánuð yfir veturinn sem og um jól, páska og hvítasunnu.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá formanni sóknarnefndar, Sólveigu Þórðardóttur s: 869 6534, netfangið:

skufslaekur2@gmail.com eða hjá sóknarpresti, Guðbjörgu Arnardóttur s: 865 4444/482 2275 og á netfangið: gudbjorg.arnardottir@kirkjan.is

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri mánudagskvöldið 23. mars kl 20.

Venjuleg aðalfundarstörf og kaffiveitingar í boði félagsins. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Fréttir frá Krakkaborg

Nemendur og starfsfólk Krakkaborgar láta að venju hendur standa fram úr ermum við nám og störf.

Nemendur eldri deilda, Ugludeild og Krummadeild hafa arkað í sitt útinám og stundað útiildun nánast hvernig sem viðrar.

Leikir tengdir málörvun og fínhyfifærni skipa stóran sess yfir myrkustu

vetrarmánuðina því þá er kjörið að sitja við orðaleiki, lestur og borðvinnu, þegar fólk er búð að fá nóg af útiveru þann daginn, en allir nemendur Krakkaborgar fara út að minnsta kosti einu sinni á dag.



Nemendur á yngstu deild, Lóudeild þroskast hratt og flestir farnir að ganga. Þeir elstu eru farin að æfa sig í að leika sér í Stóra garðinum og á miðdeildinni, en þetta er liður í aðlögun á milli deilda. Eins eru elstu nemendur Lóudeildar farnir að taka þátt í svokölluðu „flæði“ en það er einu sinni í viku eftir hádegi. Þá er opið á milli allra deilda og ákveðið leikefni í boði á öllum deildum. Nemendur velja sér viðfangsefni og fá að sinna því eins lengi og þeir vilja, verða niðursokkin í það sem þeir eru að gera og komast í svokallað flæðiástand eða flow.

Hinn árlegi Dagur leikskólans 6. febrúar var að þessu sinni haldinn hátíðlegur með því að kennarar stigu á stökk með uppsetningu á hinni sívinsælu sögu um geiturnar þrjár. Leikskólastjóri lék að sjálfsgöðu trölllið ógurlega en kennarar léku geiturnar og sögumann. Ekki er alveg ljóst hvort það voru nemendur eða starfsfólk sem skemmtu sér betur en sýningin verður sett upp aftur í mars.

Þann 11. mars fær svo leikskólinn til sín sýningu um hann Einar Áskel og þá verður það Bernd Ogrodnik sem mun sjá um að skemmta bæði nemendum og starfsfólki.

Alltaf eitthvað spennandi og skemmtilegt framundan í Krakkaborg!

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Uppskeruhátíð og „hrossamessa“

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldin föstudagskvöldið 20. mars 2020 í Kriunni sveitakrá. Dagskrá hefst kl. 20:30 með borðhaldi; „Hrossamessa“ í boði er saltað hrossakjöt og hrossabjúgu með hefðbundnu meðlæti. Kostar aðeins 3000 krónur per mann.

Pantanir í Hrossamessuna þurfa að berast fyrir kl. 22:00 mánudaginn 16. mars í síma hjá Atla Geir 898-2256 eða netfangið atligeir@hive.is, Ágústar Inga í síma 899-5494 eða á netfangið agustk@visir.is eða á netfang félagsins hfff.stjorn@gmail.com.

Verðlaunaveiting fyrir hæstu kynbótahross ársins 2019 samkvæmt samþykkt aðalfundar félagsins.

Þorvaldur Kristjánsson hrossaræktarráðunautur mun koma og uppfræða okkur um ýmislegt varðandi kynbótastarfið.

Takið kvöldið frá. Vonumst til að sjá sem flesta

Aðalfundur/Folaldasýning

Mínum einnig á aðalfund félagsins í Þingborg föstudagskvöldið 6. mars klukkan 20:30 og folaldasýninguna sunnudaginn 8. mars klukkan 13:30 í Sleipnishöllinni. Allar frekari upplýsingar um þessa viðburði eru í síðustu Áveitu eða á facebooksíðu félagsins.

Ljósmyndir

Þeir félagar sem ræktuðu og/eða eiga kynbótahross sem hlutu fullnaðardóm á kynbótasýningu á árinu 2019 mættu endilega senda okkur myndir og upplýsingar um hrossin á nefangið hfff.stjorn@gmail.com í seinasta lagi 15. mars nk.

Kveðja stjórn Hrossaræktarfélags Flóahrepps

Aðalfundur

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn fimmtudaginn 12. mars kl. 20 í Þingborg.

Dagskrá.

1. Fundur settur og tilnefndir starfsmenn
2. Lesin fundargerð síðasta fundar
3. Skýrsla stjórnar og reikningar
4. Skýrslur nefnda
5. Tilnefning í nefndir
6. Kosningar
7. Inntaka nýrra félaga
8. Önnur mál

Kaffinefnd

Helga Árný Baldursdóttir, Ingunn Jónsdóttir, Katrín Þóroddsdóttir, Guðbjörg Jónsdóttir.

Hvetjum við sem flestar félagskonur til að mæta þar sem kjósa á nýjan formann og gjaldkera.

Nýjar konur eru hjartanlega velkomnar til að kynna sér starf kvenfélagsins. Kvenfélagið er frábær vettvangur til góðra kynna og þar er ekkert kynslóðabil.

Bestu kveðjur stjórnin.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Fréttir af skólastarfi

Líkt og veðrið hefur febrúarmánuður verið nokkuð líflegur hjá okkur í Flóaskóla. Í upphafi mánaðar voru tveir fræðslufundir fyrir forráðamenn og var allgóð mæting á þá. Hugrún Vignisdóttir sálfræðingur flutti erindi sem bar heitið Hinseginleikinn í skólanum þar sem hún fjallaði um ólíkar birtingarmyndir kynvitundar hjá börnum og ungmennum. Sigga Dögg var með fyrirlestur fyrir foreldra þar sem hún fjallaði um hvernig foreldrar geti talað við börn og unglinga um kynlíf, og hvar þau geti fundið svör við spurningum sem þau geti ekki svarað. Auk þess var Sigga Dögg með fræðslu fyrir nemendur í 5. – 10. bekk þar sem hún fjallaði m.a. um kynhneigð, blæðingar, kynfæri og kynþroskann, samþykki, að setja sér og öðrum mörk, að virða eigin líkama og læra inn á hann, tilfinningar og skot/hrifningu, verjur, kynsjúkdóma og klám. Einnig fjallaði hún um algengar kynlífsmýtur og mikilvægi þess að tengja hug við líkama, sambönd og samskipti. Í framhaldi af því gafst nemendum tækifæri til að skrifa nafnlausar spurningar á miða til Siggu Daggar sem svaraði þeim og tók umræðu með þeim um þeirra „pælingar“.

Vetrarfrí var í Flóaskóla dagana 20. og 21. febrúar og beint í framhaldi af því voru árlegir fjölskyldudagar þar sem forráðamenn voru hvattir til að heimsækja börn sín í skólann og segja þeim frá bernsku sinni. Opið hús var hjá okkur fimmtudaginn 27. febrúar þar sem gestum var boðið að koma og kynnast skólastarfinu. Nemendur og starfsmenn stilltu upp kynningum á hinum ýmsu verkefnum sem unnin hafa verið eða eru í vinnslu og þóttu gefa góða innsýn inn í fjölbreytt skólastarf.

Nemendur í 9. bekk tóku á móti gestum og kynntu skólastarfið ásamt því að leiðbeina þeim um húsið. Kynningar voru í gangi allan skóladaginn auk þess sem nemendur í 10. bekk voru með kaffihús þar sem þau seldu vöflur og kaffi á sanngjörnu verði. Mikil aðsókn var í kaffihúsið og rennur ágóðinn af því í ferðasjóðinn þeirra.

Undanfarnar vikur hafa nemendur unnið tillögur að umhverfissáttmála Flóaskóla sem er einn liður í Grænfánaverkefningu okkar. Gestum gafst tækifæri til að skoða tillögur og greiða atkvæði um vinningstillöguna. Niðurstöður atkvæðagreiðslu liggja ekki fyrir en þær verða birtar á vef skólans og hvetjum alla til að fylgjast með fréttum af því. Það er ánægjulegt

að segja frá því að nemendur hafa verið mjög áhugasamir um að taka þátt í allri þeirri vinnu sem leysa þarf af hendi til að við getum sótt um Grænfánann og vil ég nota tækifærið hér til að þakka þeim og hrósa fyrir gott starf í þágu verkefnisins.

Sameiginlegur íbúafundur skólaráðs Flóaskóla og foreldraráðs Krakkaborgar var haldinn 26. febrúar. Þar komu saman foreldrar og skólastjórar beggja skólanna og ræddu gildin okkar HUGUR-HJARTA-HÖND og hvernig við getum unnið með þau í daglegu skólastarfi. Margar gagnlegar ábendingar og hugmyndir komu fram á fundinum og verður haldið áfram með þá vinnu í samstarfi skólanna.

Með kveðjur frá starfsfólki Flóaskóla

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps:

Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn miðvikudaginn 11. mars n.k. klukkan 20.30.

Fundurinn verður haldinn á loftinu í Félagslund.

Efni fundar:

Skýrsla formanns

Reikningar 2019

Kosningar

Starfið framundan og fleira skemmtilegt.

Sjáumst hressar og kátar,
Kveðja, stjórnin

Aðalsafnaðarfundur

Aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæjarsóknar verður haldinn í Gaulverjabæjarkirkju sunnudaginn 22. mars n.k. að lokinni guðsþjónustu.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefnd.

Héraðsleikar í frjálsum íþróttum

Héraðsleikar HSK í frjálsum fyrir keppendur 10 ára og yngri verða haldnir í íþróttahúsinu á Hellu sunnudaginn 22. mars n.k. og hefjast kl 10.

Kept verður í þrautabraut hjá 8 ára og yngri, en 9 og 10 ára keppa í hefðbundnum greinum. Sendur verður tölvupóstur á foreldra til að kynna mótið þegar nær dregur.

Allir foreldrar eru hvattir til að fjölmenna með börn sín á þetta skemmtilega mót. Mælst er til að allir keppendur verði í Þjótandabol, en þeir fast hjá formanni og kosta 2.500 kr.

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing eldri	3. mars
Æfing Þingborg	4. mars
Aðalfundur Hrossaræktarfélagins	6. mars
Messa og aðalsafnaðarfundur í Villingaholtskirkju	8. mars
Folaldasýning	8. mars
Glímuæfing og æfing Þingborg	9. mars
Glímuæfing eldri	10. mars
Æfing í Þingborg	11. mars
Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps	11. mars
Aðalfundur Kverfélags Hraungerðishrepps	12. mars
Keiluferð Þjótanda	14. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	15. mars
Kökuskreytinganámskeið Kvf. Villingah.hr.	16. mars
Glímuæfing og æfing Þingborg	16. mars
Glímuæfing eldri	17. mars
Æfing Þingborg	18. mars
Uppskeruhátíð og hrossamessa	20. mars
Messa og aðalsafnaðarfundur Gaulverjasóknar	22. mars
Héraðsleikar HSK á Hellu	22. mars
Aðalfundur Búnaðarfélag Villingaholtshrepps	23. mars
Glímuæfing og æfing Þingborg	23. mars
Glímuæfing eldri	24. mars
Æfing Þingborg	25. mars
Glímuæfing og æfing Þingborg	30. mars